# Original Kvistlack

## Kvistalakk




### Efnislýsing

Original Kvistlack er glært, vatnsþynnanlegt, hraðþornandi og einangrandi lakk sem kemur í veg fyrir að vessar úr kvistum blæði í gegnum málningu á viði innanhúss.

### Meðhöndlun

Hrærið vel í dósinni fyrir notkun. Flöturinn skal vera hreinn og þurr. Fjarlægið alla trjákvoðu (harpix) af kvistum með rauðspritti fyrir málun. Til að tryggja sem besta einangrun skal mála tvisvar yfir hvern kvist. Berið Original Kvistlack á í þunnu lagi. Ávallt skal mála yfir Original Kvistlack með viðeigandi lakki eða málningu.

### Heilsufars- og umhverfismál

Við pússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningar-dósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.

### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Innanhúss
**Tegund:** Fjölliða þeytulausn
**Gljástig:** Glært
**Þurrktími:** Við 23°C/50% raka, 2 klst.
**Yfirmálun:** 2 klst.
**Lágmarkshiti við málun:** +5°C
**Rakastig:** 40-80%, kjörrakastig 65%
**Þynning:** Vatn
**Verkfæri:** Penslar
**Þekja:** 8-12 fermetrar pr. lítra
**Pakkningar:** 0,33 lítra dósir
**Hreinsun:** Sápuvatn
**Geymsla:** Í frostfríu rými
**Rokgjörn lífræn efni** (VOC (fl. A/g) 30 g/l.): Inniheldur mest 5 g/l.

SérEfni **Síðumúla 22, 108 Reykjavík. Sími 517 0404, www.serefni.is**